

# Fundargerð 961. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 17. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Valur Rafn Halldórsson, Bjarni Ómar Haraldsson, Saga Guðmundsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 960. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 960. fundar stjórnar Sambandsins frá 13. desember 2024.

**2. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 48. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 16. janúar 2025.

**3. Staða kjaramála - 2406015SA**

Varaformaður samninganefndar sveitarfélaga og aðalhogfræðingur Sambandsins gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2025.

**4. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga og Sameykis vegna Strætó bs., dags. 16. og 17. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðing og Sameykis vegna Strætó bs.*

Valur Rafn Halldórsson, Bjarni Ómar Haraldsson og Saga Guðmundsdóttir viku af fundi kl. 9:15.

**5. Tilnefning í siðanefnd Sambandsins - 2501021SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings, dags. 16. janúar 2025, um skipun fulltrúa í siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórn samþykkir að tilnefna Maríu Káradóttur í siðanefnd Sambandsins í staðin fyrir Önnu Guðrúnu Björnsdóttur sem hefur beðist lausnar.*

**6. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerðir 33. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. desember 2024.

**7. Veitur - sameiginleg þróun og rekstur - 2411014SA**

Lögð fram drög að samkomulagi Sambandsins og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun, hýsingu og rekstur á Veitu.

*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi Sambandsins og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun og rekstur Veitu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulaginu og skrifa undir fyrir hönd Sambandsins.*

**8. Reglur um stuðning til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar - 2009566SA**

Reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.

*Stjórn samþykkir uppfærðar reglur um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.*

**9. Tillögur að breytingum á lögum um rammaáætlun og skýrsla starfshóps - 2501007SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dag. 9. janúar 2025, um tillögur að breytingu á lögum um rammaáætlun. Einnig lög fram skýrsla starfshóps um endurskoðun rammaáætlunar sem skipaður var af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í janúar 2024.

*Yfirlögfræðingi falið að semja umsögn í samræmi við umræður á fundinum.*

**10. Umsögn um Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsförvörnum - 2404001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 13. janúar 2025, um Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsförvörnum, mál nr. S-241/2024.

Fundi var slitið kl. 10:00